

Fjallabyggð.
Gránugötu 24
580 Siglufirði

Garðabær, 12. apríl 2023
Málsnúmer: 202303-0028
SS/RT

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulags kirkjugarðs á Siglufirði

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Fjallabyggðar, dags. 10. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag vegna stækkunar kirkjugarðs á Saurbæjarási, Siglufirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um töluverða stækkun kirkjugarðsins er að ræða og er svæðið sem um ræðir að stærstum hluta til óraskað í dag. Einkennandi gróðurfar samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er graslendi, aðallega snarrótarvist og starungsmýrardrög. Inn á milli eru grösug mólendi þar sem grasmóavist er ríkjandi en fleiri mólendisvistgerðir koma fyrir. Ríkjandi vistgerðir eru flestar gróskumiklar og eru allar metnar með hátt eða mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins. Gróskuminna mólendi kemur einnig fyrir á svæðinu. Taka þarf tillit til verndargildis vistgerða við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins enda munu framkvæmdir við stækkaðan kirkjugarð án efa raska þeim mikið.

Gerð hefur verið tilraun til að ræsa fram votlendið sem dregur nokkuð úr verndargildi þess. Hluti svæðisins er þó enn votlendur og líklegt er að ræsa þurfi enn frekar fram til að þurrka upp svæðið fyrir fyrirhugaða starfsemi. Nokkur beit er á svæðinu og eru beitaráhrif sýnileg. Alaskalúpína vex í alþéttum breiðum meðfram Siglufjarðarvegi og austan við deiliskipulagssvæðið.

Engar válistategundir og/eða friðaðar plöntutegundir hafa fundist á svæðinu miðað við skráningar Náttúrufræðistofnunar.

Vert væri að kanna betur hver möguleg áhrif á varp mófugla geta orðið en litlar upplýsingar eru til staðar um fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsingu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

